

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi á Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 24. janúar 2006 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum samþykkt eftirtaldar breytingar á deiliskipulagi:

Sandgerðisbót, lóðir nr. 10 og 16 við Óseyri.

Breytingin felst í því að lóð nr. 16 stækkar um 6,5 m til austurs á kostnað lóðar nr. 10. Jafnframt stækkar byggingarreitur á lóð nr. 10 og nýtingarhlutfall hennar hækkar úr 0,2 í 0,3.

Naustahverfi I, lóð nr. 4 við Vallartún.

Breytingin felst í því að byggingarreitur stækkar um 1 m til vesturs og verður 11 m að dýpt í stað 10 m áður.

Krossaneshagi, breytingar við Goðanes og Njarðarnes.

Goðanes: Breyting felst í því að afmörkuð er 135 m löng lóð út úr „metralóð“ og á henni afmarkaður byggingarreitur nær götu en áður.

Einnig breytast ákvæði um bílastæði og hámarksvegg hæð.

Njarðarnes 3-7: Breyting felst í því að lóðirnar verða sameinaðar með einum samfelldum byggingareit. Einnig breytast ákvæði um húsgerðir, vegg hæð og bílastæði.

Fiskihöfn og nágrenni, Norðurtangi 3-7.

Breytingar felast í því að vesturmörk lóða nr. 3 og 5 færast um 3 m til vesturs, að göngustíg, og lóð nr. 5 stækkar einnig um 2 m til norðurs á kostnað lóðar nr. 7.

Sveitarstjórn hefur lýst því yfir að hún taki að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunni að verða fyrir vegna ofangreindra breytinga.

Breytingarnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 10. febrúar 2006,

Pétur Bolli Jóhannesson, skipulags- og byggingarfulltrúi.